



Samtök verslunar og þjónustu
Federation of Trade & Services

Fréttatilkynning

7. september 2010


SVÞ gagnrýna fréttáflutning ASÍ um þróun matvöruverðs

Enn á ný hefur umræðan um samhengið á milli gengisþróunar og þróunar á verði innfluttra matvæla náð athygli fjölmiðla. Umfjöllun um málið í fréttum RUV í gærkvöldi mátti skilja á þann veg að kaupmenn hefðu á undanförunum mánuðum hirt til sín allan ávinning af styrkingu krónunar undanfarna mánuði. Umræða um þessi mál sprettur upp með reglubundnu millibili og því miður er hún oft þannig að almenningur er engu nær um málið. SVÞ er þeirrar skoðunar að til þess að unnt sé að leggja mat á þessa þróun verði að horfa á hana yfir lengra tímabil en oftast er gert í umfjöllun ASÍ um þessi mál.

Meðfylgjandi töflur sýna m.a. samanburð á þróun á verði innfluttra matvæla og þróun gengis íslensku krónunnar frá ársbyrjun 2007. Samkvæmt henni hækkuðu innflutt matvæli um rúmlega 63% frá ársbyrjun 2007 til júní 2010. Gengi íslensku krónunnar hækkaði á sama tíma um 82%.

Að mati SVÞ sýnir þessi samanburður svart á hvítu að kaupmenn hafa ekki verið að maka króinn á kostnað almennings eins og oft má ráða af umræðunni um þessi mál. Þvert á móti sýna þessar töflur að kaupmenn hafa á undanförunum árum tekið á sig verulega afkomuskerðingu vegna þess gífurlega falls sem varð á gengi krónunnar í kjölfar efnahagshrunsins. Þessu til viðbótar er bæði rétt og nauðsynlegt að benda á að á þeim tíma sem um ræðir hafa hvað eftir annað komið til verulegar kostnaðarhækkunar fyrir verslunina sem óhjákvæmilega hafa áhrif á allt verðlag.

Tafla og graf sýna þróun neysluverðsvisítölu og gengis frá 4. ársfj. 2006 til og með 2. ársfj. 2010



Heimild: Hagstofa Íslands

Nánari upplýsingar gefur: Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri, s. 820 4500.

SVÞ- Samtök verslunar og þjónustu, - Borgartúni 35, IS 105 Reykjavík
Sími: 511 3000 – farsími 820 4500 – netfang:svth@svth.is – www.svth.is